

Starfsemi Verðlagsnefndar búvöru 2009

Á árinu 2009 hélt Verðlagsnefnd búvöru 5 bókaða fundi þar sem unnið var að verðlagningu mjólkur og mjólkurvara. Auk þess voru nokkrir óformlegir vinnufundir haldnir af ýmsum nefndarmönnum um úrvinnslu og túlkun þeirra gagna sem leggja grunn að ákvörðunum nefndarinnar. Verðlagsnefnd safnar saman og vinnur úr gögnum, m.a. frá Hagstofu Íslands, sem snúa að rekstri afurðastöðva og mjólkurframleiðenda. Verðlagning mjólkurvara á heildsölustigi byggir á tveim grunnþáttum.

- a) Greiðslu afurðaverðs til mjólkurframleiðenda
(Lágmarksverð mjólkur)
- b) Rekstri afurðastöðva þ.e. vinnslu mjólkur, sölu og dreifingu mjólkurvara
(Vinnslu- og dreifingarkostnaður)

Mældar breytingar gjaldaliða verðlagsgrundvallar kúabús, auk kostnaðabreytinga við vinnslu og dreifingu eru helstu viðfangsefni nefndarinnar hverju sinni. Auk mælinga fyrrgreindra þátta er einnig stuðst við samantekið uppgjör rekstrar fyrir mjólkuriðnaðinn.

Á starfsárinu á undan, þ.e. 2008, hafði verð mjólkur til framleiðenda og heildsöluverð mjólkurvara tekið breytingum, 1. janúar, 1. apríl og 1. nóvember 2008. Svo tíðar hækkunarir á lágmarksverði mjólkur og heildsöluverði mjólkurvara á einu ári eru mikil frávik frá aðstæðum undangenginna 10 – 15 ára. Ástæðan er fyrst og fremst þær gjörbreyttu aðstæður í rekstrarumhverfi greinarinnar í kjölfar hruns fjármálakerfis landsins.

HEILDSÖLUVERÐLAGNING 1. ÁGÚST 2009

Skv. ákvörðun verðlagsnefndar búvöru var heildsöluverð á mjólkurvörum, sem nefndin verðleggur, hækkað 1. ágúst 2009. Þetta var eina hækkun ársins 2009, en síðasta hækkun mjólkurvara, þar á undan, átti sér stað 1. nóvember 2008. Einstaka mjólkurvörur hækkuðu mis mikið, en vegin hækkun þeirra á heildsölustigi nam um 3,47%.

Við verðlagninguna 1. ágúst 2009, tók Verðlagsnefnd þá stefnumarkandi ákvörðun að hefja leiðréttingu heildsöluverðs á hefðbundinni drykkjarmjólk, en á undangengnum árum hafði sú stefna ríkt að halda aftur af hækkun nýmjólkur og léttmjólkur, með þeim hætti að þær vörur voru orðnar undirverðlagðar. Mjólk í lausu máli hafði fylgt sömu verðlagsstefnu og pökkuð drykkjarmjólk. Þannig hækkaði nýmjólk í lausu máli og pökkuð nýmjólk og léttmjólk um 7,65 – 9,09% 1. ágúst 2009. Rjómi lækkaði um 0,73%, en mjólkurduft hækkaði um 13,5%.

Lágmarksverð mjólkur til bænda hækkaði ekki árið 2009, en lágmarksverð hafði hækkað um 21,87 kr/ltr árið 2008, eða um 44,4%. Verðlagsnefnd tók þá sameiginlegu ákvörðun, um að einungis vinnslu- og dreifingarkostnaður tæki hækkun á árinu 2009, en rekstur afurðastöðva var afar erfiður á tímabilinu 2007 - 2009.

SAMANTEKIN BREYTING 2008 – 2009

Í eftirfarandi yfirlitum (tafla 1 og 2 á næstu síðu) koma fram samanteknar hækkunarir á lágmarksverði mjólkur til bænda og hækkunarir á vinnslu- og dreifingarkostnaði á sl. 2 árum 2008 – 2009.

Tafla 1. Breyting á lágmarksverði mjólkur 2008 - 2009

Dags	Lágmarksverð		Breyting	
	Fyrir	Eftir	Kr	%
1. janúar 2008	49,26	49,96	0,7	1,4%
1. apríl 2008	49,96	64	14,04	28,1%
1. nóvember 2008	64	71,13	7,13	11,1%
Samtals 1 jan 08 - 1. ágú 09	49,26	71,13	21,87	44,4%

Tafla 2. Breyting á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur 2008 – 2009
(Reksturskostnaður mjólkuriðnaðar)


Dags	V & D **		Breyting	
	Fyrir	Eftir	Kr	%
1. janúar 2008	57,85	60,75	2,89	5,0%
1. apríl 2008	60,75	62,95	2,21	3,6%
1. nóvember 2008	62,95	69,00	6,04	9,6%
	57,85	69,00	11,14	19,3%

Dags	V & D **		Breyting	
	Fyrir	Eftir	Kr	%
1. ágúst 2009	69,00	74,29	5,30	7,68%

Samtals 1 jan 08 - 1. ágú 09	57,85	74,29	16,44	28,4%
-------------------------------------	--------------	--------------	--------------	--------------


(**) Vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur

Í eftirfarandi mynd 1, kemur fram þróun almenns verðlags í landinu, sem mælt er með breytingu á vísitölu neysluverðs, og þróun vinnslu- og dreifingarkostnaðar mjólkur frá janúar 2006 til janúar 2010.



Mynd 1 Próun verðlags og vinnslu- og dreifingarkostnaðar janúar 2006 – janúar 2010

Frá janúar 2006 t.o.m. janúar 2010 hefur vísitala neysluverðs hækkað um 42,9%, á meðan vinnslu- og dreifingarkostnaður hefur hækkað um 28,4%.



Mynd 2 Þróun verðlags og vinnslu- og dreifingarkostnaðar desember 1990 – janúar 2010

Af mynd 2, sem sýnir tímabilið desember 1990 – janúar 2010, hefur almennt verðlag á Íslandi hækkað um 140,1% á sama tíma og kostnaður við vinnslu- og dreifingu hefur hækkað um 75,1%. Þessi mismunur undirstrikar þá hagræðingu sem átt hefur sér stað í rekstri og skipulagi mjólkuriðnaðarins á þessu tímabili.

f.h. SAM í Verðlagsnefnd búvöru

Pálmi Vilhjálmsson

Magnús Ólafsson